



Myriam Bat-Yosef við eitt verka sinna.

DV-myndir GVA.

„Ég vildi að ég gæti alltaf verið ófrísk en án þess að eignast börn.“

Fremur óvenjulegt viðhorf, hygg ég. En listamaðurinn Myriam Bat-Yosef er heldur ekki gíska venjuleg kona. Það kannast margir við hana enda kom hún fyrst til Íslands fyrir hartær þrjátíu árum í fylgd eiginmanns síns, Guðmundar Guðmundssonar, sem betur er þekktur undir listamannsnavninu Erró. Þau höfðu kynnst í París en eins og nafn hennar bendir til er Myriam upprunalega frá Ísrael. Sumir halda því stöðugt fram að milli Íslands og Ísrael liggja einhverjir leyndarþæðir og hvað svo sem sattu er í því er deginum ljósara að Myriam tók miklu ástfóstri við Ísland. Þótt þau Erró slitu samvistum og Myriam búi nú í París á ný kemur hún til Íslands á örfárra ára fresti og hefur haldið margar sýningar, bæði ein og með öðrum. En hvað veldur þessari ást hennar á Íslandi?

Ísland er annað heimaland mitt

„Ísland er annað heimaland mitt. Þegar ég kom hingað fyrst var það einkum mismunurinn milli Íslands annars vegar og Ísrael hins vegar sem heillaði mig. Ísland varð fyrir mér tákn um frelsi; þetta er eyja og hefur því engin landamæri. Hér er enginn her og engin stríð. Allt þetta var gerólikt því sem ég hafði kynnst heima í Ísrael.“

En með árunum varð ég ástfangin af sjálfri náttúru landsins, af fegurð náttúrunnar hér. Sumarbirtan átti ekki minnstan þátt í því. Í þessari birtu verður útsýnið dýpra; það er eins og náttúran sé einlægari. Hún kemur til dyranna eins og hún er klædd. Og hún er upprunaleg. Þegar maður flýgur yfir flest lönd Evrópu: Ítalíu, Frakkland, Þýskaland þá sér maður ekkert nema regluleg, geometrísk engi og tún. Það er lítið um slíkt hér; náttúran er hreinni.

Loks hef ég svo með árunum eignast

VILDI ALLTAF VERA ÓFRÍSK

Myriam Bat-Yosef heldur sýningu á Kjarvalsstöðum

hér fjöldann allan af vinum og kunnungjum sem ég met mikils.“

París er mitt heróin

— En þú býrð í París?

„Já, það er eiginlega mesta synd. Fólk heldur hér er svo miklu gestrisnara og örlátara en Evrópubúar almennt og einkum og sér í lagi Frakkar. En ástæðan fyrir því að ég bý í París er sú að þar fær maður svo mikla listræna örvun. Það eru svo margar listsýningar, leiksýningar, bíó og þess háttar að ég get eiginlega ekki án þess verið. Þetta er eins konar eiturlýf, slæmt eiturlýf. Ætli París sé ekki heróiníð mitt?“

Myriam — sem heitir raunar María Jósefsdóttir síðan hún gerðist íslenskur ríkisborgari — er mikils metinn listamaður víða um heiminn, henni hefur verið boðið að halda sýningar í fjölmörgum löndum og hennar er að góðu getið í ýmsum virtum listatímamarkum og -bókum. Söfn í mörgum löndum hafa keypt verk hennar á veggi sína og gólf. Og nú er hún komin upp á Kjarvalsstaði og sýnir þar um 100 verk af ýmsu tagi. Það er ekki beinlínis auðvelt að lýsa verkum hennar svo ég þáð hana að gera það sjálfa.

Íslenska sumarbertan óviðjafnanleg

„Á þessari sýningu sýni ég margs

konar verk; málverk, silkiverk sem ég sýni nú í fyrsta sinn á Íslandi og litirnir eru þeirrar náttúru að það má þvo verkin. Eg er afskaplega heppin með



Blævaengur. Því miður njóta bjartir og fjörlegir litir þessara verka sín lítt í svarthvítu.

sýningarstað á Kjarvalsstöðum því ég get hengt þessi verk út í glugga og þannig látið íslensku sumarbertuna skína í gegnum þau. Það er svo gerólikt gerviljósunum í sýningarsölunum, hversu góð sem þau eru. Svo sýni ég alls konar hluti, málaða hluti. Þar á meðal er taflborð með segultaflmönnum sem ég hef að visu sýnt áður á Íslandi en hafði það með af sérstökum ástæðum.

Það er ekkert nýtt að listamenn glími við taflböð í verkum sínum. Margir málara hafa málað skák og þar má nefna Max Ernst, að ekki sé talað um Marcel Duchamp. Hann tefldi mikið og undir lok ævi sinnar leit hann miklu fremur á sig sem skákmann en listamann. Myndhöggvarar eins og Hans

Arp hafa líka glímt við listaverk um skák og svona mætti lengi telja. Eiginlega á ég mér þá von að þetta verk mitt lendi í höndunum á íslenska skáksambandinu, annaðhvort að einhver kaupir það handa þeim eða þeir geri það sjálfir. Íslendingar og gyðingar eru hvorir tveggja miklir skákmenn og það er einn þeirra mörgu þátta sem tengir þjóðirnar.

Besta tímabil ævinnar er ég gekk með barn

En þú baðst mig um að lýsa verkunum. Þau eru sprottin innra með mér; vakna til lífsins fremur vegna sálfræðilegrar reynslu eða tákna en utanaðkomandi áhrifa. Eg vinn meira út frá því sem ég vinn innra með mér en því sem ég sé. Og mörg þeirra snúast um tilfinningar mínar sem konu — þá á ég fremur við líkama en sál. Besta tímabil ævi minnar og það þegar ég var frjóst listrænt séð var þegar ég gekk með hana dóttur mína. Það var eins og ég væri á einhverju dóni, ég var alltaf í rússi. Og þetta var gott dón — andstætt vonda dóninu mínu, Parísarborg. Eg sá allt í öðru ljósi. Eg sá hvernig barnið þroskaðist. Þá voru sónarmyndir ekki komnar til sögunnar — dóttir mín fæddist 1960 — en þegar ég sá svoliðis myndir í fyrsta skipti þá komu þær mér ekkert á óvart. Eg hafði séð þetta sama innra með mér.

Það var stærsta breytingin bæði á lífi mínu og list þegar ég varð barnshafandi. Áður hafði ég verið eins og hver annar listmaður; ég stóð upprétt við málaraströðurnar og málaði í abstraktexpressjóniskum stíl. Eftir því sem á leið átti ég erfiðara með að standa lengi og þá fór ég að vinna stílandi, sat í rúminu og bjó aðallega til klippimyndir. Og um sama leyti fór ég að uppgötva minn innri mann. Áður hafði listin verið atvinna mín, stopul kannski, en ég leit á hana sem atvinnu. Eftir þetta hefur listin verið eini lífsmáti minn.


Eg vildi að ég gæti alltaf verið ófrísk en án þess að eignast börn.“

Þarna kom það.

-I.J.



Myriam notast við ýmsa óvenjulega hluti í listsköpun sinni.



Silkimyndirnar sem öðlast eigið líf í íslensku sumarbertunni.